

Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks

Fundargerð 16. fundar verkefnahóps BsVest haldinn miðvikudaginn 29. febrúar 2012 kl. 13:00, fundurinn var haldinn í síma, mætt voru Arnheiður Jónsdóttir, formaður, Guðný Hildur Magnúsdóttir, Hildur Jakobína Gísladóttir, Margrét Geirsdóttir, Elsa Reimarsdóttir og Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri, sem einnig ritaði fundargerð.

Fundinn sat einnig Krístrún Helga Ólafsdóttir, nemi í félagsráðgjöf.

Formaður setti fundinn og gengið til dagskrár.

Dagskrá:

1. Fundargerð 15. fundar verkefnahóps BsVest. Lögð fram fundargerð 15. fundar sem haldinn var þann fundargerð samþykkt.
2. Skammtímvistun
 - a. Umsóknir um skammtímvistun
Mætt til fundar Harpa Stefánsdóttir, ráðgjafi hjá Ísafjarðarbæ.
Sótt er um vistun fyrir tímabil I, II og III. Fjallað um einstaka umsóknir, skráð í trúnaðarbók.
 - b. Vinnuferli við afgreiðslu umsókna í skammtímvistun.
Ábending um breytingu á ákvæði í 5. liðar 4 gr. reglna um skammtímvistun. Í lok fyrstu setningar „frá viðkomandi sveitarfélaga“.
Verður tekið tillit til þessa við endurskoðun reglnanna.
3. Fjárhagsáætlanir
Tillaga að fjárhagsáætlun lögð fram til kynningar fyrir verkefnahóp, tillagan verður lögð fyrir stjórn BsVest.
 - a. Tillaga um % skiptingu umsýslukostnaðar.
Verkefnastjóri kynnti tillögu um skiptingu umsýslukostnaðar, lagt er til að umsýslukostnaður verði fast hlutfall er taki mið af fjölda stöðugilda hvers félagsþjónustusvæðis. Tillagan verður lögð fyrir stjórn BsVest.
 - b. Tillaga um % hlutfall félagsþjónustusvæðanna.
Tekið til umræðu og ábendingar settar fram sem hér segir til stjórnar BsVest.
 - i. Stjórn taki afstöðu til umsýslukostnaðar BsVest, bent á að er á hlutfall umsýslukostnaður BsVest sé hærri en reiknað er á félagsþjónustusvæðin. Kynnt verði greining á umsýslukostnaði.
 - ii. Stjórn taki afstöðu til sameiginlegs starfsdags á vegum BsVest.

Guðný Hildur leggur fram bókun.

Vísar til bókunar stjórnarfundar þann 7. febrúar „Stjórn óskar eftir að fá sendar áætlanir og greinargerðir hvers svæðis fyrir sig ásamt samantekt. Stjórn kallar eftir því að reynt verði að samræma aðferðarfræði við mat á mismunandi liðum fjárhagsáætlunar“.

Get ekki tekið afstöðu til hlutfallslegar skiptingar þar sem greinargerðir sveitarfélaga hafa ekki verið lagðar fram til verkefnahóps. Óskað er afstöðu stjórnar til þess hvort eigi að leggja greinargerðir félagsþjónustusvæðanna fyrir verkefnahóp.

Í ljósi umræðu á fundinum leggur verkefnahópur til að á næsta sameiginlega fundi verkefnahóps og stjórnar verði tekin til endurskoðunar efnisatriði erindisbréfs verkefnahóps.

- c. Tillaga um fjármagn til verkefnanna árið 2012.

Tillaga er um skiptingu fjármagns til félagsþjónustusvæðanna verði sem hér segir. Settur er fyrirvari á þessa tillögu þar sem endanleg áætlun um fjármagn ársins 2012, samkvæmt mati Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga liggur ekki fyrir.

Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks

4. Reglur í vinnslu.

a. Reglur um stuðningsfjölskyldur

Verkefnastjóri ítrekar að verkefnahópur ljúki vinnu um reglur fyrir stuðningsfjölskyldur.

b. Reglur vegna námskostnaðar, verkfæra og tækjakaupa.

Verkefnisstjórn ítrekar að verkefnahópur ljúki vinnu um reglur vegna námskostnaðar, verkfæra og tækjakaupa.

5. Önnur mál.

Verkefnastjóri kynnti að hún færi í leyfi frá 9. mars í tvær vikur.